

## Hluthafafundur Kaldalóns hf.

Priðjudaginn 19. september 2023, kl. 16:30, var haldinn hluthafafundur Kaldalóns hf., kt. 490617-1320 („félagið“), á Grand Hótel Reykjavík.

María Björk Einarsdóttir, stjórnarmaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Lagði hún til að Þórir Júlíusson, lögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Tók þá fundarstjóri við stjórn fundarins og lagði til að Sigvalda Fannari Jónssyni, lögmanni, yrði falin ritun fundargerðar og var það samþykkt.

Fór fundarstjóri yfir boðun fundarins og fundarsókn, en mætt var fyrir hönd hluthafa sem ráða yfir 55% hlutfjár félagsins. Fór fundarstjóri yfir lögmati fundarins og þar sem fundarboð er í samræmi við lög og samþykktir félagsins lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

Var þá tekið til fundarstarfa. Upplýsti fundarstjóri að skv. fundarboði væru eftirfarandi mál á dagskrá fundarins:

- (1) Kaup félagsins á Klettagörðum 8-10 ehf. lögð fyrir hluthafafund til samþykktar.
- (2) Önnur mál.

Því næst var gengið til dagskrár.

### 1. Kaup félagsins á Klettagörðum 8-10 ehf. lögð fyrir hluthafafund til samþykktar

Jón Þór Gunnarsson, forstjóri félagsins („JPG“), tók til máls og fór yfir aðdraganda fyrirhugaðra kaupa félagsins á Klettagörðum 8-10 ehf. en líkt og kom fram í fundarboði er seljandi Skel fjárfestingafélag hf., kt. 590269-1749, sem einnig er hluthafi í félaginu.

Fór JPG yfir eignasafn Klettagarða 8-10 ehf., sérfræðiskýrslu PricewaterhouseCoopers ehf. vegna fyrirhugaðra viðskipta og helstu skilmála og fyrirvara viðskiptanna skv. samþykktu kauptilboði.

Fundarstjóri gaf orðið laust og umræður sköpuðust um fyrirhuguð viðskipti.

Með vísan til greinar 3.15 í samþykktum félagsins bar fundarstjóri þá upp tillögu stjórnar um að fá samþykki hluthafafundarins fyrir kaupum félagsins á Klettagörðum 8-10 ehf. til samræmis við skilmála og fyrirvara samþykks kauptilboðs sem kynnt var fyrir fundarmönnum.

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

### 2. Önnur mál

Engin tillaga lá fyrir fundinum um önnur mál og gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Fundurinn veitti fundarstjóra heimild til þess að rita undir fundargerðina og afhenda á skrifstofu félagsins þar sem hluthafar munu hafa aðgang að fundargerðinni.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:47.

Ofangreint staðfestist hér með.

Reykjavík, 19. september 2023



Þórir Júlíusson  
fundarstjóri



Sigvaldi Fannar Jónsson  
fundarritari